



Akraneskaupstaður
B.t. bæjarráðs
Stillholt 16-18
300 Akranes

Akranes, 1. september 2023
KHÓ

Efni: Grunnforsendur vegna tekju- og gjalda fjárhagsáætlunar 2024

Í samræmi við forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda fyrir árið 2024 og fjárhagsáætlunar til þriggja ára, sbr. minnisblað frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Mælst hefur verið til þess að sveitarfélögin gangi út frá spám Hagstofunnar um efnahag þjóðarbúsins í heild við gerð fjárhagsáætlana og geri grein fyrir þeim forsendum sem að stefnumörkunin byggist á eins og segir í 8. gr. laga um opinber fjármál. Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlunar skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á.

Vænt verðbólga

Í minnisblaði frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi forsendur fjárhagsáætlana 2024-2027 er sett fram eftirfarandi tafla um vænta verðbólgu árin 2023, 2024 og 2025. Spá Hagstofu Íslands er frá því í júní 2023.

Meðaltal spá aðila fyrir árið 2024 nemur 5,3%. Hagstofa Íslands spáir 4,9% verðbólgu árið 2024 og er lagt til að nota verðbólgu spá Hagstofu Íslands í fjárhagsáætlun fyrir þá liði sem það á við.

Verðbólga, %	2022	2023	2024	2025
Hagstofa	8,3	8,7	4,9	3,0
Íslandsbanki	8,3	8,7	5,3	3,7
Landsbanki	8,3	8,4	6,2	4,7
Seðlabanki	8,3	8,6	4,6	3,3
Meðaltal	8,3	8,6	5,3	3,7

Launaforsendur

Launakostnaður er áætlaður út frá stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum. Núverandi kjarasamningar gilda allir til 31. mars 2024 nema kjarasamningur grunnskólakennara gildir til 31.5.2024. Lagt er til að forsendur launa í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 verði gildandi kjarasamningar og þær launatöflur sem þeim fylgja. Lagt er til að tekinn



Akraneskaupstaður

verði til hliðar í óvissum útgjöldum fjármunir til að mæta kjarasamningshækkunum á árinu 2024 en Hagstofa Íslands spáir því að launavísitala hækki um 5,8 % á árinu 2024.

Þegar launaáætlun frá forstöðumönnum liggur fyrir er lagt er til að stöðugildafjöldi og aðrar launatölur verði yfirfarnar með hverjum sviðsstjóra fyrir sig.

Lagt er til að áætluð laun vegna veikindalauna í veikindapotti verði endurskoðuð og fjárhæð verði ákveðin á síðari stigum við vinnslu fjárhagsáætlunar.

Tekjuforsendur

Áætluð íbúafjöldgun

Áætluð fjölgun íbúa í fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2023 var 2,2%. Meðalfólksfjöldgun á Akranesi á tímabilinu 2011-2022 nam 1,8%. Þann 1. janúar 2023 var íbúafjöldi á Akranesi 7997. Þann 1. september er samkvæmt þjóðskrá 8155 íbúar á Akranesi en er það fjölgun um 2 % frá janúar 2023.

Vænt íbúafjöldgun hefur áhrif á væntan útsvarsstofn-/tekjuskattsstofn þar sem að væntur fjöldi ársverka ásamt væntri hækkun launavísitölu myndar vænta hækkun á tekjuskatts-/útsvarsstofni sveitarfélagsins. Lagt er til að styðjast við varfærna fólksfjöldgun sem nemur 2%.

Útsvarstekjur

Á grundvelli spá Hagstofu Íslands um hækkun launavísitölu og þær forsendur að fjöldi vinnandi fólks á svæðinu, þ.e. Akranesi, haldist óbreyttur þá myndi hækkunin því nema áætlaðri hækkun launa (5,8%) ásamt áætlaðri fjölgun íbúa (2%) eða sem nemur 7,8%. Samband sveitarfélaga sendir út nánari áætlun hvað þetta varðar í lok október. Þegar sú áætlun hefur verið send til sveitarfélaga mun vera lagt mat á þá áætlun út frá staðbundnum forsendum og áætlun vegna útsvarstekna endurskoðuð.

Fasteignaskattur

Að óbreyttu álagningarhlutfalli ættu fasteignaskattar samtals (þ.e. A, B og C) að hækka um 104,4 m.kr. milli ára eða um 13,4 % og myndi því nema samtals 882,4 m.kr. á árinu 2024. Stofn fasteignamat eigna á Akranesi er að hækka um 15,4 % milli ára samkvæmt gögnum frá Fasteignamati ríkisins.

Eftirfarandi töflur sýna hver álagningarhlutföll eru hjá sveitarfélaginu og hvað er leyfilegt að það sé að hámarki. Seinni taflan sýnir hver álögð fasteignagjöld yrðu með hámarks álagningu.



Akraneskaupstaður

Fasteignaskattar	Núverandi álagningarhlutföll	Grunnálagning - má vera allt að	Hámarks álagning m. 25 % álagi
A - flokkur	447.421.295	970.124.230	1.212.655.288
B - flokkur	118.132.476	118.132.476	118.132.476
C - flokkur	316.843.864	304.879.648	381.099.560
Samtals	882.397.635	1.393.136.354	1.711.887.323
Breyting frá 2023 í %	13,4%	79,1%	120,0%
Breyting frá 2023 í kr.	104.381.771	615.120.490	933.871.459

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 er tekið fram að útgjaldajöfnunarframlag skuli skert ef tekjustofnar séu ekki fullnýttir (útsvar og fasteignaskattar). Tekjujöfnunarframlag er einungis reiknað ef sveitarfélag fullnýtir heimild sína til álagningar útsvars.

Jöfnunarsjóður

Áætlun vegna framlaga fyrir árið 2024 kemur frá Jöfnunarsjóði upp úr miðjum september.

Gjöld

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 var lagt til að ekki yrðu vísitöluhækkningar settar inn á alla gjaldaliði eins og gert hafi verið undanfarin ár. Rekstrarliðir voru skoðaðir hver fyrir sig bæði af forstöðumönnum og af fjármáladeild. Lagt er til að áfram verði unnið með rekstrarliði með þessum hætti og þá að gjöld heilt yfir verði ekki hækkuð sem nemur vísitölu. Skoða þarf þó sérstaklega gjaldaliði þar sem samningar eru bakvið og nauðsynlegt sé að hækka miðað við vísitölu eða skuldbindingu. Skoða þarf sérstaklega gjaldaliði þar sem nýjar rekstrareiningar bætast við eða breyting hefur orðið á rekstri.

Fasteignaskattar	Núverandi álagningarhlutföll	Grunnálagning - má vera allt að	Hámarks álagning m. 25 % álagi.
A - flokkur	0,2306%	0,5000%	0,6250%
B - flokkur	1,3200%	1,3200%	1,3200%
C - flokkur	1,3718%	1,3200%	1,6500%

Gjaldskrár



Akraneskaupstaður

Lagt er til að fari verði ítarlega yfir allar gjaldskrár með sviðsstjórum og að gjaldskrár verði metnar í samanburði við önnur sveitarfélög.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar

Kristjana Helga Ólafsdóttir

Fjármálastjóri